



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar
janúar -júní 2023

Lagt fram í borgarráði
7. september 2023

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar-júní 2022 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að hluta fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlög Reykjavíkurborgar gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar, Sorpu og Þjóðarleikvangs koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins árshlutareiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var neikvæð um 6.730 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að reksturinn yrði jákvæður um 6.038 m.kr. sem var 12.768 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma samantekins árshlutareiknings A- og B-hluta var 19.901 m.kr. lægri en á sama tímabili árið 2022.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 921 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 857 m.kr. Niðurstaðan var því 1.778 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 34 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 609 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 643 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélagi í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar-júní 2023 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.


Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efnisyfirlit

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta.....	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta	5
1.3.	Sjóðstreymi A og B-hluta	6
2.	A-hluti.....	11
2.1.	Rekstur A-hluta.....	11
2.2.	Efnahagur A-hluta.....	14
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta.....	15
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	19
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring.....	21
2.4.2.	Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta.....	22
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	23
	Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið.....	27
	Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum.....	28

1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta

1.1. Rekstur A- og B-hluta



Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var neikvæð um 6,7 ma.kr. sem var 12,8 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Helstu frávik frá áætlun voru í fjármagnslið sem var 9 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Þar munar mestu um að verðbólga tímabilsins var 5,3% eða 2,5%-stigum hærrí en áætlun gerði ráð fyrir en áætlun gerði ráð fyrir 2,8% hækkun á tímabilinu janúar-júní 2023. Auk þess sem 9,5% lækkun álverðs frá áramótum olli 2,6 ma.kr. gjaldfærslu vegna innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiða). Matsbreyting fjárfestinga Félagsbústaða var jákvæð um 702 m.kr. sem var 3,2 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en hægt hefur á hækkun fasteignaverðs sem einkennt hefur síðastliðin 2 ár. Skatttekjur voru 3,6 ma.kr. yfir áætlun sem að skýrast að mestu leiti af herra útsvari vegna launahækkana og aukins vinnumagns.




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), skilaði 23,1 ma.kr. í afgang sem var um 2 ma.kr. undir áætlun en var 4 ma.kr. betri niðurstaða en á fyrsta árschluta ársins 2022.




Tekjur tímabilsins voru 1,1 ma.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir, þar munar mestu um að skatttekjur voru 3,5 ma.kr. yfir áætlun vegna aukinna útsvarstekna en aðrar tekjur voru 2,4 ma.kr. undir áætlun. Tekjur A- og B-hluta jukust um 14,9 ma.kr. borið saman við janúar-júní 2022, þar af jukust skatttekjur um 8,8 ma.kr., tekjur frá Jöfnunarsjóði um 1,6 ma.kr. og aðrar tekjur um 4,6 ma.kr.


Rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum voru 3,6 ma.kr. yfir fjárheimildum sem einkum má rekja til að laun A-hluta voru 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum og að gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga A-hluta var 1 ma.kr. yfir áætlun en launahækkanir á opinberum markaði voru hærrí en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrargjöld A- og B-hluta að meðtöllum afskriftum hækkuðu um 12,4 ma.kr. miðað við sama tímabil 2022, þar af hækkuðu laun og launatengd gjöld um 4,6 ma.kr. milli ára og annar rekstrarkostnaður um 5,5 ma.kr.

Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 18,6 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 18,5 ma.kr., þar af námu verðbætur 12,1 ma.kr. Verðbólga tímabilsins var 5,3% en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 2,85% verðbólgu. Álverð lækkaði um 9,5% á tímabilinu sem leiddi til 2,6 ma.kr. lækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusólusamningum. Auk þess var lántaka tímabilsins 6,7 ma.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 9,6 ma.kr. og frávikíð því 9 ma.kr. umfram áætlun.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingareigna Félagsbústaða á tímabilinu janúar-júní 2023 námu 702 m.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2022 til febrúar 2023 umfram vísitöluhækkun febrúar 2022 til áramóta 2022 og hækkun vísitölu frá febrúar 2023 og til loka júní 2023.






Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslíð samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Á fyrir hluta ársins 2023 nam gjaldfærsla vegna álafleiðunnar var 2,6 ma.kr. en tekjufærsla vegna gengismunar 413 m.kr.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	30.6.2023	31.12.2022	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	179.187	173.917	5.270	3,0%
Veitukerfi	391.346	393.549	-2.204	-0,6%
Fjárfestingaeignir	150.733	148.620	2.113	1,4%
Götur	35.359	34.824	536	1,5%
Aðrir fasta fjármunir	26.746	26.377	369	1,4%
Langtímakröfur	12.747	12.307	439	3,6%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.695	8.896	-201	-2,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	55.291	49.920	5.371	10,8%
Handbært fé	33.294	21.922	11.372	51,9%
Eignir samtals	893.398	870.333	23.065	2,7%
Eigið fé	414.453	423.955	-9.502	-2,2%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	38.093	37.608	485	1,3%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.701	2.701	0	0,0%
Aðrar skuldbindingar	26.977	26.818	159	0,6%
Langtímalán	324.071	307.007	17.064	5,6%
Leiguskuldir	11.528	11.625	-98	-0,8%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	34.282	27.900	6.383	22,9%
Aðrar langtímaskuldir	287	40	247	612,2%
Fyrirfram innborganir	3.047	2.137	910	42,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	37.959	30.541	7.417	24,3%
Skuldir og skuldbindingar samtals	478.945	446.378	32.568	7,3%
Skuldir og eigið fé samtals	893.398	870.332	23.066	2,7%


Lækkun eigin fjár skýrist auk 6,7 ma.kr. taps aðallega af þýðingarmuni vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og lækkaði eigið fé um 2,5 ma.kr. vegna styrkingar krónunnar á móti USD á tímabilinu. Arður sem greiddur var út til minnihluta eigenda OR nam 355 m.kr.



Hreinar vaxtaberandi skuldir¹ jukust um 11,7 ma.kr. frá áramótum en hreinar skuldir jukust um 16 ma.kr. Þar af jukust hreinar vaxtaberandi skuldir og hreinar skuldir um 6,5 ma.kr. hjá A-hluta. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda og hreinna skulda frá áramótum má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir hjá A-hluta og meiri verðbólgu.

Athygli er vakin á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.


1.3. Sjóðstreymi A og B-hluta




Handbært fé hækkaði um 11,4 ma.kr. frá áramótum til loka júní. Veltu fé frá rekstri var jákvætt um 16,5 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 22,4 ma.kr. og greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingaréttur námu 2,4 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 30,4 ma.kr. á tímabilinu, nýjar leiguskuldir námu 170 m.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 16,9 ma.kr.

¹ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborganum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár².

A- og B-hluti	2019_06*	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06
Eiginfjárhlutfall	49,0%	47,6%	46,7%	48,7%	46,4%
Veltufjárhlutfall	1,31	1,20	1,49	1,19	1,14
Langtímaskuldir/eigið fé	72,6%	78,3%	82,1%	74,7%	81,0%
Uppgreiðslutími	7	11	13	14	11
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	18,9%	15,0%	11,6%	11,0%	13,5%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	22,4%	18,1%	17,4%	17,8%	19,0%

*Óbreytt skv. eldri útgáfu af reglugerð 1212

² Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 6,7 ma.kr. sem var 12,8 m.kr. undir áætlun. Mestu frávik frá áætlun voru í fjármagnslið sem var 9 ma.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir. Þar munar mestu um að verðbólga tímabilsins var 5,3% eða 2,5%-stigum hærrí en áætlun gerði ráð fyrir en áætlun gerði ráð fyrir 2,8% hækkun á tímabilinu janúar-júní 2023.
- Reikningsskil byggðasamлага og sameignarfélaga í meirihlutaeygn Reykjavíkurborgar eru í þessum árseikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 921 m.kr. og var 1,8 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 4,5 ma.kr. yfir áætlun, einkum skatttekjur sem voru 3,6 ma.kr. yfir áætlun. Rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 5,1 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum en kostnaður hjá skóla- og frístundasviði vegna aukins stuðnings við börn af erlendum uppruna og hátt veikindahlutfall bæði hjá skóla- og frístundasvið og velferðarsviði, sem og orlofstaka starfsfólks á velferðarsviði á uppsöfnuðu orlofi hafa kallað á aukna mönnun. Þá voru kjarasamningshækkunarir hærrí en gert var ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 1,9 ma.kr. en kostnaður vegna verðlagshækkana, úrræða vegna rakaskemmda á starfstöðum, snjópungur vetur og vistgreiðslur vegna barna með þroska- og geðraskanir voru helstu ástæður frávikna.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem lækkaði um 11,2% á milli ára, en tekjur hækkðu um 13,5% á meðan rekstrargjöld hækkðu um 33,3%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sendi Innviðaráðuneytinu, ráðuneyti sveitarstjórnarmála, fyrirspurn dags. 13. október 2021 um innleiðingu Alþjóðlegra reikningsskilastaða (e. International Accounting Standards) vegna kvörtunar sem stofnuninni barst þann 23. ágúst 2021. Í kvörtuninni er sérstaklega vísað til reikningsskila Félagsbústaða hf. og meðhöndlunar á fjárfestingaeignum félagsins. Fyrirspurninni var svarað þann 17. desember 2021. Viðbótarfyrirspurn ESA dags. 3. feb. 2022 var svarað 29. apríl 2022.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 1,6 ma.kr. sem er lækkun um 3,4 ma.kr. milli ára. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna gangvirðisbreytinga sem voru neikvæðar um 1,7 ma.kr. á 1H23 en jákvæðar um 786 m.kr. á 1H22, breytingu á áföllnum verðbótum sem eru 4,7 ma.kr. á 1H23 en voru 4,2 ma.kr. á 1H22 og hærrí greiddum vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 2,2 ma.kr. 1H22 en eru nú 3,3 ma.kr.









Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Reykjavíkurborg brást á árinu 2022 við erfiðum aðstæðum í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar sökum verðbólgu og hækkunar vaxta með margvíslegum hætti. Dregið var úr fjárfestingum og þar með lántökuþörf um 7 ma.kr. Gjaldskrár voru hækkaðar þannig að þær myndu lækka minna en ella að raungildi. Samræmdum reglum komið á um ráðningar og samningateymi skipað vegna vanfjármögnunar verkefna sem unnin eru fyrir ríkið. Auk þess sem fjármálastefna Reykjavíkurborgar var endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi. Mikilvægt er að fylgja vel eftir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og með þeim hætti að tryggja sjálfbærni í rekstri borgarinnar.
- Í borgarreknum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 724 m.kr. eða 4,3% umfram fjárheimildir, þar af námu óreglulegir liðir 112 m.kr. Sviðið glímir við mikil viðbótarútgjöld vegna barna af erlendum uppruna sem hefur ekki verið fjármagnaður af hálfu ríkisins. Mikilvægt er að ríkið fjármagni aðstoð við þessi börn. Þá er áriðandi að sviðið framfylgi leikreglum um viðbrögð við rekstrarfrávikum í borgarreknum grunnskólum.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 1.570 m.kr. eða 18,7% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Útgjöld vegna leikskóla á föstu verðlagi hafa frá árinu 2019 aukist um 12% miðað við fyrstu 6 mánuði ársins á meðan barnafjöldi hefur aðeins aukist um 2,8%. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða innleiðingu á nýju leikskólalíkani.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 10.578 m.kr. en tekjur námu aðeins 5.809 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 4.769 m.kr. Vorið 2022 var skipaður starfshópur með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stýrt er af Haraldi Línal

Haraldssyni um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópnum var ætlað að skila tillögum fyrir lok apríl mánaðar 2023 en nú gert ráð fyrir að skýrsla hópsins liggja fyrir fyrir í september.. Mikilvægt er að ásættanleg niðurstaða fái stöðug samningum við ríkið um fjármögnun málaflokksins þar sem núverandi staða ógnar sjálfbærni sveitarfélaga. Ljóst er að áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á þessu.


- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 314 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru útgjöld vegna barnaverndar 79 m.kr. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undarnfórnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Félagsbústaðir hafa endurskoðað fjárhagsáætlun ársins 2023 m.a. í ljósi breyttra efnahagsþróunar. Endurskoðuð áætlun gerir ekki ráð fyrir að veltufé frá rekstri standi undir afborgunum langtímalána. Í því ljósi er mikilvægt að leita leiða til að styrkja rekstrargrundvöll félagsins þannig að tekjur félagsins standi undir rekstrarkostnaði og afborgunum lána til framtíðar.
- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) er um 59% og hefur veikt um 3,5%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs Orkuveitu Reykjavíkur (OR) haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 57,6 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 53,9 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir OR til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu OR og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.
- Sorpa mun hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu á árinu 2023 og draga verulega úr urðun í Álfsnesi. Tryggja þarf aðgang samlagsins að urðunarstað eftir að Álfsnes lokar í náninni framtíð og vinna vegna þess stendur yfir þá er einnig mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegs úrgangs og tryggja fjármögnun þeirra verkefna.
- Tap af rekstri Strætó nam 142 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 198 m.kr. tapi. Betri afkoma skýrist af því að niðurgreiðslur aldraðra, öryrkja og nema jukust meira og laun voru lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Heimsfaraldur kórónuveiru, aukin verðbólga, olíuverðs- og launahækkningar hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu þrjú ár og hefur fjárhagsstaða Strætó versnað verulega. Eigendur lögðu félaginu til aukafjármagn 2022 og 2023 en með þessu hefur rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi verið tryggt en þó einungis til skamms tíma. Þrátt fyrir aukafjármagn þarf að styrkja fjárhag félagsins enn frekar og þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn, ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni tengdum eflingu almenningsgangna s.s. Borgarlínu.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2023_06	Áætlun 2023_06	Frávik	%	Raun 2022_06	Breyting	%
Staðgreiðsla	58.949	55.586	3.364	6,1%	50.595	8.355	16,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-7.883	-7.479	-404	5,4%	-6.133	-1.750	28,5%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.642	2.100	542	25,8%	2.091	551	26,3%
Nettó útsvar	53.708	50.207	3.501	7,0%	46.553	7.155	15,4%
Fasteignaskattar	12.576	12.571	5	0,0%	10.963	1.614	14,7%
Lóðarleiga	1.150	1.056	94	8,9%	1.018	132	13,0%
Fasteignaskattar samtals	13.726	13.627	99	0,7%	11.980	1.746	14,6%
Skatttekjur samtals	67.434	63.834	3.600	5,6%	58.534	8.901	15,2%
Framlög Jöfnunarsjóðs	5.893	5.884	9	0,2%	4.311	1.582	36,7%
Þjónustutekjur	6.590	6.281	309	4,9%	6.381	209	3,3%
Eignatekjur	15.138	14.966	172	1,1%	14.627	510	3,5%
Sala byggingaréttar	1.273	2.500	-1.227	-49,1%	2.020	-747	-37,0%
Söluhagnaður eigna	691	125	566	453,1%	560	131	23,4%
Endurgreiðslur annarra	4.406	3.377	1.029	30,5%	3.188	1.219	38,2%
Aðrar tekjur	1.661	1.488	173	11,6%	1.395	266	19,1%
Milliviðskipti tekin út	-16.020	-15.851	-169	1,1%	-16.065	45	-0,3%
Rekstrartekjur samtals	87.067	82.605	4.462	5,4%	74.951	12.116	16,2%
Laun og launatengd gjöld	-48.303	-46.195	-2.108	4,6%	-45.027	-3.276	7,3%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-1.750	-750	-1.000	133,3%	-1.125	-625	55,6%
Launakostnaður samtals	-50.053	-46.945	-3.108	6,6%	-46.152	-3.901	8,5%
Annar rekstrarkostnaður	-32.907	-30.989	-1.918	6,2%	-29.906	-3.001	10,0%
Afskriftir	-4.141	-4.061	-80	2,0%	-3.445	-696	20,2%
Rekstrargjöld samtals	-87.101	-81.995	-5.106	6,2%	-79.502	-7.598	9,6%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-887	248	-1.135	-457,5%	-4.341	3.454	-79,6%
EBITDA	4.107	4.671	-563	-12,1%	-1.107	5.214	-471,2%
EBIT	-34	609	-643	-105,6%	-4.552	4.518	-99,3%
Rekstrarniðurstaða	-921	857	-1.778	-207,4%	-8.893	7.972	-89,6%

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 921 m.kr. sem er 1,8 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Ef frá eru tekin nettó útgjöld af rekstri málefna fatlaðs fólks sem námu 4,8 ma.kr. á tímabilinu var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 3,8 ma.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, var jákvæð um 4,1 ma.kr. sem var um 563 m.kr. verri niðurstaða en áætlað var.

Tekjur: Skatttekjur voru 67,4 ma.kr. eða 3,6 ma.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 3,4 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 8,4 ma.kr. milli ára. Hækkun útsvars má rekja til meiri spennu á vinnumarkaði og vegna launabróunar. Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur verið að fjölga undanfarið og var í júní um 78 þúsund manns sem er 3,3% fleiri en voru í sama mánuði 2022. Launavísitalan hækkaði fyrstu 6 mánuði ársins um 9,5% en forsendur áætlunar gera ráð fyrir að launakostnaður hækki um 5,9% á árinu. Útsvarsprósenta hækkaði um 0,22%-stig í ársbyrjun og rekja má 880 m.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars til þeirra breytingar. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 2,6 ma.kr. eða 542 m.kr. yfir áætlun og hækka um 551 m.kr. samanborið við sama tímabil 2022. **Fasteignaskattar og lóðarleiga**³ voru 13,7 ma.kr. eða 99 m.kr. yfir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** námu 5,9 ma.kr. og voru á pari við áætlun. **Endurgreiðslur annarra**⁴ námu 4,4 ma.kr. og voru 1 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 887 ma.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 142 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk v. erlendra ríkisborgara sem var 346 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingaréttar** nam 1,3 ma.kr. og var 1,2 m.kr. undir áætlun. **Söluhagaður eigna** var 691 m.kr. og var 566 m.kr. yfir áætlun.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld námu 48,3 ma.kr. og voru 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 1,8 ma.kr. og var 1 ma.kr. yfir áætlun. Fráviknið má aðallega rekja til þess að vísitala lífeyrisskuldbindinga er um 2,5%-stig hærri en áætlað var sem rekja má til launahækkana á opinberum markaði. Á móti er gert ráð fyrir hærri verðbólgu sem hefur jákvæð áhrif á lífeyrisskuldbindinguna. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar v. LsRb verði 3,5 ma.kr. yfir árið í stað 1,5 ma.kr. eins og áætlun gerir ráð fyrir. **Annar rekstrarkostnaður** nam 32,9 ma.kr. og var um 1,9 ma.kr. yfir fjárheimildum.⁵

Fjármagnsliðir: Fjármagnstekjur voru 5,9 ma.kr. og voru 541 umfram áætlun. Arður frá Orkuveitunni var greiddur út fyrir í ár en undanfarin ár en hann nam 5,1 ma.kr. og var 468 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsgjöld A-hluta námu 6,8 ma.kr. og voru 1,7 ma.kr. yfir áætlun einkum vegna hærri vaxta- og verðbóltagjalda vegna hærri verðbólgu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir.



Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 2,7 ma.kr. yfir fjárheimildum en þar af var **skóla- og frístundasvið** 2,2 ma.kr. yfir fjárheimildum. Launakostnaður sviðsins var 1,4 ma.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má til aukinnar stuðningsþjónustu einkum vegna aukins fjölda barna af erlendum uppruna en rof á skólagöngu þeirra og tungumálaerfiðleikar hafa kallað á aukinn stuðning. Veikindahlutfall á skóla og frístundasviði var 8,1% á tímabilinu og hefur farið hækkandi síðustu ár. Afleysingar í veikindaforföllum hafa haft í för með sér aukinn kostnað. Skóla- og frístundasvið var tæplega 1,4 ma.kr. yfir fjárheimildum í öðrum rekstrarkostnaði. Hluta þess má rekja til hækkunar á aðföngum vegna verðlagsbreytinga, einnig hafa mygluskemmdir haft verulegan viðbótarkostnað í för með sér fyrir sviðið m.a. þar sem skipta hefur þurft upp rekstrareiningum

³ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.


⁴ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁵ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árs hlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar-júní 2023.

á marga starfsstaði auk endurnýjunar á húsnæði og búnaði. **Velferðarsvið án bundinna liða**⁶ var 568 m.kr. yfir fjárheimildum. Launakostnaður var 619 m.kr. yfir fjárheimildum sem skýrist m.a. af orlofstöku starfsfólks á uppsöfnuðu orlofi og afleysingum vegna þess. Þá skýra veikindi starfsfólks auk vanda í búsetu fatlaðs fólks og álags í þungstu búsetukjörnum jafnframt hluta af frávikumum. Annar rekstrarkostnaður sviðsins var 390 m.kr. sem skýrist að mestu af vistunargjöldum vegna barna með þroska- og geðraksanir en sá liður var 314 m.kr. yfir fjárheimildum. **Umhverfis- og skipulagssvið** var 381 m.kr. yfir fjárheimildum sem að mestu má rekja til vetrarþjónustu sem var 647 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik hjá **skrifstofum miðlægrar stjórnarsýslu ES** má rekja til að sala byggingarréttar var 1,2 ma.kr. undir áætlun og frávik á **eignaskrifstofu** skýrast að mestu af að söluhagnaður eigna var 566 m.kr. yfir áætlun.

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-júní 2023	Áætlun jan.-júní 2023	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	726	757	-31	-4%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	2.459	2.470	-11	0%	3%
Menningar- og íþróttasvið	9.035	8.984	52	1%	12%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	190	195	-5	-2%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	1.049	1.045	4	0%	1%
Skóla- og frístundasvið	36.981	34.709	2.273	7%	50%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	5.412	5.031	381	8%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	18.897	18.329	568	3%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	2.217	2.475	-257	-10%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2.131	2.041	89	4%	3%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	1.934	2.287	-352	-15%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	1.750	750	1.000	133%	2%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	82.783	79.073	3.709	5%	113%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					73.328
Eignaskrifstofa	-7.298	-6.688	-610	9%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu ES	-1.108	-2.335	1.227	-53%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignasjóðs	1.482	1.522	-40	-3%	
Málaflokkar Eignasjóðs samtals	-6.923	-7.501	578	-8%	

Sveiflukenndir liðir




Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingarréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að ofan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.

⁶ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.

2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	30.6.2023	31.12.2022	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	3.943	3.777	166	4,4%
Fasteignir og lóðir	153.963	149.615	4.348	2,9%
Götur	34.923	34.372	551	1,6%
Áhöld og tæki	7.675	7.362	313	4,3%
Leigueignir	4.960	5.154	-193	-3,7%
Langtímakröfur	16.613	16.114	498	3,1%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.282	8.475	-193	-2,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	25.500	22.008	3.492	15,9%
Handbært fé	19.986	10.221	9.765	95,5%
Eignir samtals	275.844	257.097	18.747	7,3%
Eigið fé	81.689	82.610	-921	-1,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	37.366	36.939	427	1,2%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.664	2.664	0	0,0%
Langtímalán	107.310	96.829	10.480	10,8%
Leiguskuldir	10.421	10.492	-71	-0,7%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	12.087	6.267	5.820	92,9%
Ríkissjóður, fyrirfram innbogað vegna fjárfestinga	80	80	0	0,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	24.227	21.214	3.012	14,2%
Skuldir og skuldbindingar samtals	194.155	174.487	19.668	11,3%
Skuldir og eigið fé samtals	275.844	257.097	18.747	7,3%



Breytingar á **hreinum vaxtaberandi skuldum**⁷ á fyrri helmingi ársins 2023 má að mestu rekja til lántöku tímabilsins og verðbóta af lánum A-hluta. Á móti vegur aukning handbærs fjár frá áramótum.

⁷ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afbörgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afbörgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.


Skuldir og skuldbindingar A-hluta árið 30.06.2023

í m.kr.	Staðan				Áfallnar	Breyting	Staðan
	1.1.2023	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	skuldbindingar	skammtíma- skulda	30.06.2023
Lífeyrisskuldbinding*	39.603		-1.323		1.750		40.030
Langtímaskuldir*	101.743	14.784	-2.202	3.627			117.952
Leiguskuldbindingar*	11.845	168	-688	541			11.866
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	27					55	82
Viðskiptaskuldir	6.150					-1.444	4.706
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	1.631					-1.065	566
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	80					0	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	10.550					5.364	15.914
Aðrar skammtímaskuldir	2.856					102	2.959
	174.487	14.952	-4.214	4.168	1.750	3.012	194.155


* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 21 ma.kr. og var í lok júní búið að taka lán að fjárhæð 14,8 ma.kr. Lækkun viðskiptaskulda skýrist af árstíðarbundinni sveiflu en þær eru lægri á fyrri hluta ársins þegar minna er um framkvæmdir hjá Eignasjóði. Lækkun skammtímaskulda á eigin fyrirtæki má einkum rekja til að lokagreiðsla vegna kaupa á Hafnarhúsi var í janúar 2023 og nam tæpum milljarði. Hækkun launaliðarins skýrist að mestu af að útborgun launa fór fram eftir mánaðamót.


2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til loka júní hækkaði um 9,8 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum nam 10,1 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og byggingarréttur nam 2,4 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 14,8 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 2,9 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 168 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 2,9 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 7,8% á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir 7,1%. Töluverður viðsnúningur er nú á veltufé frá rekstri samanborið við síðust tvö ár en það var jákvætt á tímabilinu um 6,8 ma.kr. en var neikvætt um 4,5 ma.kr. fyrir ári síðan. Arðgreiðsla frá Orkuveitu Reykjavíkur sem nam 5,1 ma.kr. var fyrir á ferðinni í ár og skýrir þessa breytingu að hluta. Ef horft er framhjá henni þá var veltufé frá rekstri janúar-júní 2023 jákvætt um 1,7 ma.kr.



Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar sem Reykjavíkurborg hefur sett sér í fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 eru eftir farandi:

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2025.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.
7. Lágmarksstaða handbærs fjár miði við 8 ma.kr.










Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023_03	2023_06	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstramiðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -3.974	✘ -921	✘ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 83%	✘ 81%	✘ 86%	✘ 82%	🟢 80%	🟢 80%	🟢 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ -1,6%	🟢 7,8%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ -0,4	🟢 1,6	✘ 0,4	✘ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	-	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	-	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	🟢 13.587	🟢 19.986	🟢 10.950	🟢 9.317	🟢 8.826	🟢 8.754	🟢 9.572

* Eingungis reiknað og birt á ársgrundvelli


Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta Reykjavíkurborgar janúar-júní sl. 5 ár:

A-hluti	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06
Eiginfjárhlutfall	46,3%	44,4%	37,9%	34,3%	29,6%
Arðsemi eigin fjár	3,4%	-6,4%	-15,9%	-19,4%	-2,2%
Veltufjárhlutfall	1,46	1,40	1,32	1,10	1,16
Langtímaskuldir/eigið fé	57,2%	64,3%	89,3%	113,4%	144,1%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	-3,3	20,8	-4,0	-4,8	0,0
Vaxtaþekja, EBIDTA/netto vextir	-8,1	-1,9	-1,4	-1,2	-1,3
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	7,1%	0,4%	-2,4%	-1,5%	4,7%

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.

Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 887 m.kr. á tímabilinu sem er 1.135 m.kr. verri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.


Fjármunatekjur A-hluta voru 5.887 m.kr. sem er 541 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Betri niðurstaða skýrist einna helst af hærri arðgreiðslum en gert var ráð fyrir eða 468 m.kr. en einnig er ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár 49 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi eru 36 m.kr. yfir áætlun. Á móti eru dráttarvaxtatekjur 27 m.kr. undir áætlun. Ávöxtun á skuldabréfasafni er lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir á móti kemur að vextir á skammtímamarkaði eru hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

Fjármunsgjöld A-hluta voru yfir áætlun en þau voru 6.774 m.kr. í stað 5.098 m.kr. í áætlun sem er 1.676 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 1.661 m.kr. hærri vaxta- og verðbótágjöldum vegna hærri verðbólgu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir en einnig af 26 m.kr. hærri fjármagnstekjuskatti, m.a. vegna skuldabréfasafns. Lántökukostnaður er einnig 13 m.kr. yfir áætlun.


Handbært fé A-hluta í lok júní 2023 var 19.986 m.kr. sem skiptist að stærstum hluta í skuldabréfasafn 6.742 m.kr., peningamarkaðsinnlán 7.839 m.kr. og stöðu á veltureikningi 5.405 m. kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 17.279 m.kr. í lok tímabilsins. Handbært fé hefur vaxið það sem af er ári, lántaka var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 14.784 m.kr. í stað 10.500 m.kr.



Ávöxtun á handbært fé var 49 m.kr. yfir áætlun á tímabilinu, vaxtatekjur voru 405 m.kr. samanborið við 378 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Frávikið skýrist af því að handbært fé hefur verið meira og vextir á skammtíamarkaði hærri en áætlunir gerðu ráð fyrir. Ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar var heldur lægri á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir og var 243 m.kr. á móti 274 m.kr. í áætlun. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var 2,97% frá áramótum en safnið er í umsjón Íslenskra Verðbréfa hf. Ávöxtun peningamarkaðsinnlána nam um 180 m.kr. á tímabilinu sem var 80 m.kr. yfir áætlun.




Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans hafa haldið áfram að hækka það sem af er ári og eru 8,75% í lok tímabilsins.



Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 14.784 m.kr. að markaðsverði á tímabilinu, þar af voru 3.349 m.kr. gefin út í skuldabréfaflokknum RVK 32 1, 3.204 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVK 53 1, 2.862 m.kr. í græna skuldabréfaflokknum RVKG 48 1 og að lokum 869 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1. Jafnframt var dregið á lánaramma í Íslandsbanka 4.500 m.kr.


Verðtryggð skuldabréfaútgáfa A-hluta eru 70% og hefur hlutfallið haldist óbreytt það sem af er ári. Verðtryggð skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 36% af útgefnum skuldabréfum.



Greiðslur afborgana og vaxta af útgefnum skuldabréfum A-hluta eru áætlaðar 9.964 m.kr. á árinu 2023. Það sem af er ári hafa 4.100 m.kr. verið greiddar í afborganir og vexti af útgefnum skuldabréfum og lánalínum. Myndin hér að ofan sýnir framtíðargreiðsluferil útgefina skuldabréfa miðað við stöðu og verðlag í lok tímabilsins.

Virkir vextir af langtímalánum eru vegnir vextir hvernar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggða lána standa nú í 5,96% og hafa hækkað nokkuð á árinu. Virkir vextir verðtryggða lána hækkuðu líka á tímabilinu og eru nú 2,87%.

Langtíma lán hjá Landsbanka og Íslandsbanka bera breytilega vexti en samtals hafa verið tekið lán að fjárhæð 10.500 m.kr. með breytilegum vöxtum.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að stórum hluta verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu.

Lausafjórúð er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur

skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg hefur aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 8 milljarðar í lok júní 2023 til að jafna sveiflur sjóðsstreymi innan mánaðar.

Vaxtaáhætta er til staðar þar sem búið er að taka lán með breytilegum vöxtum sem taka mið af markaðsvöxtum á hverjum tíma. Lán með breytilegum vöxtum eru um 9% af heildarlánum Reykjavíkurborgar. Hækkun markaðsvaxta hefur neikvæð áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar.

2.4.2. Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta, en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Skuldabréf að nafnvirði 1.480 m.kr. hafa verið gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2023.
2. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Ekki hafa verið keypt hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum á árinu 2023. Peningamarkaðsinnlán hjá viðskiptabönkunum voru nýtt við lausafjár ávöxtun á tímabilinu.
3. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika í lántöku og stytta meðallíftíma lána sem og að auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Skuldabréf að nafnvirði 3.990 m.kr. hafa verið gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2023.
4. Reykjavíkurborg hefur gefið út græn skuldabréf frá því í desember 2018. Græn skuldabréfaútgáfa byggir á grænni skuldabréfaumgjörð. Uppfærslu á grænni umgjörð lauk á vormánuðum 2023. Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2019 gefið út grænar áhrifaskýrslur um árangur af grænni fjárfestingu og fjármögnun þeirra. Skuldabréf að nafnvirði 2.830 m.kr. hafa verið gefin út í grænum skuldabréfaflokkum á árinu 2023.
5. Í desember 2020 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan grænan skuldabréfaflokk RVKNG 40 1 með lokagjalddaga í ágúst 2040. Tilgangur útgáfunnar er að auka valmöguleika í grænni fjármögnun og auka vægi óverðtryggðra skulda. Ekkert hefur verið gefið út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2022.
6. Í maí 2021 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan stuttan skuldabréfaflokk. Skuldabréfið er vaxtagreiðslubréf með lokagjalddaga 11. maí 2024 og tveimur vaxtagjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 3%. Tilgangurinn með þessari útgáfu var að bregðast við fjárför til skemmri tíma vegna viðbragða Reykjavíkurborgar við kórónufaraldrinum, að auka vægi óverðtryggðrar fjármögnunar og ná til breiðari hóps fjárfesta. Skuldabréf að nafnvirði 4.790 m.kr. voru gefin út í þessum flokki á árinu 2021 og ekki gert ráð fyrir frekari útgáfu í þessum flokki.
7. Í október 2022 var samið um lánaramma við Landsbanka að fjárhæð 6.000 m.kr. Tekin voru langtímalán í þremur hlutum 2.000 m.kr í hvert skipti í október, nóvember og desember. Verðtryggð lán eru 2.000 m.kr og 4.000 m.kr. óverðtryggð. Öll lánin bera breytilega vexti.
8. Í febrúar 2023 var samið um lánaramma við Íslandsbanka að fjárhæð 6.000 m.kr. Búið er taka langtímalán tvisvar á árinu 2023 í mars 3.000 m.kr. og í júní 1.500 m.kr. Ónotuð heimild til lántöku er 1.500 m.kr. í lok tímabilsins. Bæði lánin eru óverðtryggð og bera breytilega vexti.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall A- og B-hluta.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrögnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímafröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrökum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til A- og B-hluta.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m. kr.)	A-hluti	Aflvæki	Faxafloshafnir	Félagsbústaðir	Melbikunar- stöðin Höfði	Íþrótt- og sýningahöllin	Jafnaustofa	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Þjóðarfélagur	A- og B-hluti
Eignarhlutur Rvk	87,067	95,70%	75,56%	100,00%	100,00%	50,00%	50,00%	93,539%	60,82%	58,30%	60,30%	50,00%	-
Rekstrartekjur	87.067	0	2.385	3.129			60	29.919	2.354	3.077	5.320	0	121.677
Rekstrargjöld	87.101	0	2.145	2.063			46	19.967	2.331	2.876	5.370	7	111.069
Afskriftir	4.141	0	438	9			0	7.687	67	216	139	0	12.528
Fjármagnisáhrif	-887	0	10	-3.509			0	-8.818	8	-141	-92	0	-18.609
EBIT	-34	0	240	1.644			14	9.952	23	201	-50	-7	10.608
EBITDA	4.107	0	678	1.074			14	17.638	90	418	89	-7	23.135
Hagnaður (- tap)	-921	0	670	-1.865	-110	-88	13	1.550	30	61	-142	-6	-6.730
Fastafjármunir	230.359	2	14.190	151.102	1.242	2.663	2	416.047	2.345	8.149	2.052	0	804.813
Veltufjármunir	45.486	8	5.443	540	471	802	22	35.774	1.053	1.724	1.102	10	88.585
Heildareignir	275.844	10	19.633	151.642	1.714	3.465	24	451.821	3.398	9.874	3.154	10	893.398
Skammtímaskuldir	39.058	0	731	3.584	213	101	12	32.845	662	1.550	1.633	2	77.990
Skuldbindingar	12.087	0	0	1.457	38	54	0	20.237	16	239	106	0	34.282
Heildarskuldir	194.155	0	731	69.740	309	2.714	12	212.178	866	4.129	3.287	2	478.945
Eigið fé 1/1	82.610	10	18.232	83.767	1.515	839	-2	246.050	2.501	5.684	10	13	423.955
Eigið fé 30/6	81.689	10	18.902	81.902	1.405	751	12	239.642	2.532	5.745	-133	8	414.453
Skuldir og eigið fé	275.844	10	19.633	151.642	1.714	3.465	24	451.821	3.398	9.874	3.154	10	893.398
Handbætt fé frá rekstri	6.090	0	820	678	-311	-9	14	14.770	215	341	49	-7	17.053
Fjárfestingahreyfingar	-8.273	0	190	-1.282	-50	-3	0	-10.151	-206	-284	-31	0	-19.827
Ný langtímalán	14.784	0	0	423	0	0	0	15.292	0	0	0	0	30.357
Greiddar afborganir	-2.890	0	0	-745	-23	-27	0	-13.084	-8	-118	-49	0	-16.905
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	0	0	0	0	0	-5.500	0	0	0	0	-355
Staða á handbættu fé 30.06.	19.986	0	4.695	1.22	-141	606	22	7.837	868	957	509	7	33.294
Veltufé frá rekstri	6.814	0	1.105	493	-68	66	14	13.912	109	361	55	-7	16.475
Eignifjárhlutfall	29,6%	99,8%	96,3%	54,0%	82,0%	21,7%	48,6%	53,0%	74,5%	58,2%	-4,2%	81,1%	46,4%
Arðsemi eigin fjár	-2,2%	0,0%	2,7%	-4,5%	-14,5%	-21,0%		1,3%	2,4%	2,2%		-83,0%	-3,2%
Veltufjárhlutfall	1,16		7,45	0,15	2,22	7,93	1,76	1,09	1,59	1,11	0,67	5,30	1,14
Langtímaskuldir/eigið fé	144,1%		0,0%	69,2%	3,7%	318,1%			8,1%	36,6%			81,0%
Vaxtaberandi skuldir/eigið fé bara OR								73,3%					
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				1,85									
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				0,84									
Uppgreiðslutími	9,53			58,92					1,02	3,24	16,14		11,23
Veltufé frá rekstri/rekstrareikjum	7,8%		46,3%	15,8%					4,6%	11,7%	1,0%		13,5%

Skvringar

Eignifjárhlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappol).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárhlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að innra af hendi skuldgreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldetningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnisliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnisliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti atvörunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (dr) Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 10.578 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 5.809 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 4.769 m.kr. eða 317 m.kr. yfir fjárheimildum.

Málefni fatlaðs fólks janúar - júní 2023			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		4.646	4.616
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		0	0
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	0
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.000	943
Þjónustutekjur		119	36
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		44	14
Tekjur alls		5.809	5.608
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		6.597	6.331
Húsaleiga		325	290
Annar rekstrarkostnaður		334	369
NPA þjónusta		673	666
Þjónustugjöld (samningar)		2.126	1.867
Stjórnunarkostnaður		26	29
Lengd viðvera ÍTR		103	122
Lengd viðvera SFS		395	386
Gjöld alls		10.578	10.060
Niðurstaða		-4.769	-4.452

Samanlagður kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks frá ársbyrjun 2011 til loka júní 2023 nam alls 40.350 m.kr.⁸

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023_06
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525	5.809
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804	10.578
Gjöld umfram tekjur	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279	-4.769
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581	-40.350

⁸ Fjárhæðir eru á verðlagi þess árs sem þær tilheyra.

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 212 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur frá ársbyrjun 2008 til loka júní 2023.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 1.1.2008-30.06.2023 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022	422	137	559
2023_06	152	59	212
Samtals	2.970	1.544	4.514

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 746 m.kr. eða 5,9 m.kr. yfir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 581 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 164 m.kr.

Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 9 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 404 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2023_06	Áætlun 2023_06	Frávik	%
Hlutf. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.066	2.903	163	5,6%
Hlutf. Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	4.817	4.576	242	5,3%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	7.883	7.479	404	5,4%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2023_06	Áætlun 2023_06	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	4.646	4.616	30	0,7%
Framlag vegna sérskóla	865	865	0	0,0%
Framlag vegna tónlistarskóla	168	174	-6	-3,7%
Framlag v. samþættingar þjón. í þágu barna	202	202	0	0,0%
Annað	12	27	-14	-54,3%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	5.893	5.884	9	0,2%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-1.990	-1.595	-395	24,8%